

Mánudaginn 17. febrúar 1958.

Nr. 109/1953. **Dánarbú Þorbergs Steinssonar**  
 gegn  
**Eiríki Þorsteinssyni.**

Útivistardómur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, dánarbú Þorbergs Steinssonar, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

---

Föstudaginn 21. febrúar 1958.

Nr. 173/1957. **Kristinn Kristinsson**  
 og  
**Guðmundur Guðmundsson**  
 (Ólafur Þorgrímsson hrl.)  
 gegn  
**Jóni Jónssyni og gagnsök**  
 (Kristinn Gunnarsson hrl.)

Dóمندur:  
 hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Áni Tryggvason,  
 Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann  
 Snævarr.

Mál til staðfestingar lögbanni.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Héraðsdómarar voru Björn Björnsson sýslumaður, Þór Guðjónsson veiðimálastjóri og Eðvarð Árnason verkfræðingur.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 22.

s. m. Þeir krefjast þess, að lögbannsgerðin frá 16. maí 1953 verði staðfest og gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. október 1957, að fengnu gagnáfrýjunarleyfi 14. s. m.

Hann krefst þess, að ákvæði héraðsdóms, önnur en málskostnaðar, verði staðfest og að aðaláfrýjendum verði dæmt að greiða honum in solidum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með bréfi 26. febrúar 1957 veitti ráðherra gagnáfrýjanda leyfi til að virkja Herrulæk til framleiðslu á raforku. Segir í bréfinu, að leyfið verði gefið samkvæmt V. kafla laga nr. 15/1923, og er þar vísað til nefndra laga um framkvæmdir og annað, er virkjun varðar.

Í ráðherrabréfinu eru hins vegar eigi talin þau ákvæði V. kafla laga nr. 15/1923, sem leyfið er reist á, og eigi er þess getið í bréfinu, hvaða skilyrðum gagnáfrýjandi skuli fullnægja um greiðslu eða tryggingu fébóta fyrir töku vatnsréttinda, landsspjöll eða veiðispjöll, sem af virkjuninni leiða. Umboðsmaður gagnáfrýjanda hér fyrir dómi hefur eigi veitt skýr svör um það, hvaða ákvæðum V. kafla laga nr. 15/1923 gagnáfrýjandi beitir fyrir sig. Gagnáfrýjandi hefur hvorki gert ráðstafanir til, að metin verði vatnsréttindi til orkuvinnslu í Herrulæk fyrir landi aðaláfrýjanda Guðmundar né spjöll á landi og veiði aðaláfrýjenda af fyrirhugaðri virkjun. Hann hefur heldur eigi boðið fram tryggingu fyrir fébótum, sem honum kynni að verða gert að inna af hendi til aðaláfrýjenda. Að svo vöxnu máli eru eigi efni til að fella úr gildi lögbannsgerð þá, sem samkvæmt kröfu aðaláfrýjenda var lögð hinn 16. maí 1953 við rafvirkjun gagnáfrýjanda á Herrulæk. Ber því að staðfesta lögbannsgerðina.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað þykir rétt að staðfesta. Dæma ber gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjendum málskostnað í Hæstarétti, sem ákveðst kr. 4000.00.

## Dómsorð:

Framangreind lögbannsgerð staðfestist.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Gagnáfrýjandi, Jón Jónsson, greiði aðaláfrýjendum, Kristni Kristinssyni og Guðmundi Guðmundssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagði aðför að lögum.

**Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 29. marz 1957.**

Mál þetta, sem dómtekið var í dag að afloknum munnlegum málflutningi, hafði áður verið tekið upp til dóms hinn 9. janúar s.l., en var samkvæmt beiðni aðilja málsins og með samþykki dómsins endurupptekið til frekari gagnaöflunar.

Málið er höfðað hér fyrir dómi af þeim Kristni Kristinssyni bónda, Gíslholti, og Guðmundi Guðmundssyni bónda, Kambi, báðum í Holtahreppi, gegn Jóni Jónssyni bónda, Herriðarhóli, Ásahreppi, með stefnu útgefinni 16. maí 1953 til staðfestingar lögbannsgerð, sem að kröfu stefnanda var lögð við fyrirhuguðum rafvirkjunarframkvæmdum af hálfu stefnda við Herrulæk. Auk staðfestingar lögbannsgerðarinnar krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu.

Stefndi krefst þess, að lögbannsgerðin verði úr gildi felld og stefnendum gert að greiða stefnda málskostnað eftir mati dómsins.

Aðiljar hafa fengið gjafsóknar- og gjafvarnarleyfi og hafa gert kröfur um málskostnað úr hendi hins, svo sem málið væri hvorki gjafsóknar- né gjafvarnarmál.

Upphaf máls þessa er það, að stefndi hafði ákveðið að reisa rafstöð við svokallaðan Herrulæk, sem rennur úr Vestra-Gíslholtsvatni milli jarðanna Herriðarhóls og Kambs út í Þjórsá, og auk þess að virkja lækinn, hugðist stefndi framkvæma stíflugerð til vatnsmiðlunar við upptök lækjarins í Vestra-Gíslholtsvatni, ef með þyrfti. Hafði stefndi í þessu skyni hafið undirbúningsaðgerðir, stungið grasrót í sambandi við frárennsli, hreinsað lækjarbotninn og lagfært bakka lækjarins á nokkrum kafla. Stefndi hafði og fest kaup á vélum og ýmsu öðru nauðsynlegu efni í væntanlega rafstöð. Ætlun stefnda var sú, að ljúka rafvirkjunarframkvæmdum fyrir slátt sumarið 1953. En áður en

lengra kom, voru aðgerðir stefnda stöðvaðar samkvæmt kröfu stefnenda með lögbannsgerð í fógetarétti Rangárvallasýslu 16. maí 1953, sem haldinn var að Herriðarhóli.

Snemma í máli þessu reis ágreiningur með aðiljum um landamerki milli jarðanna Herriðarhóls og Kambs á þessum slóðum, sem Herrulækur rennur. Stefndi hélt því fram, að allur lækurinn væri í landi Herriðarhóls og að merkjagarður sá, sem hlaðinn var árið 1938 milli jarðanna þarna og sker lækinn sundur, sbr. dómsskjal nr. 4, væri eigi réttilega staðfærður samkvæmt fornu lagi og landamerkjaskrá. Hefðu því stefnendur engar eignarheimildir á vatnsorku Herrulækjar. Þegar svo var komið máli, þótti sýnt að hefjast þyrfti handa um úrlausn þessa merkjaágreinings og staðfestingarmálið látið hvíla, unz úrslit fengust um landamerkin. Merkjaágreiningurinn var tekinn til meðferðar í merkjadómi Rangárvallasýslu, sem kvað upp dóm í málinu 22. október 1954, þar sem ákveðið var, að merkjagarðurinn fylgdi réttilega merkjalínunni milli nefndra jarða. Þessum merkjadómi var síðan skotið til Hæstaréttar, sem staðfesti merkjadóminn. Hæstaréttardómurinn féll 12. október 1956. Samkvæmt úrslitum dómsins á stefnandi Guðmundur Guðmundsson að nokkru leyti land að Herrulæk og stefndi að hinu leyti. Stefndandi Kristinn Kristinsson á hins vegar eigi land að Herrulæk, heldur að Gíslholtsvatni.

Í staðfestingarmálinu byggja stefnendur málssókn sína á eftirfarandi atriðum: Stefndandi Guðmundur Guðmundsson telur sig eiga meira hluta vatnsorkunnar í Herrulæk. Þessari eign hans sé eigi unnt að svipta hann. Þá telja stefnendur, að rafvirkjunarframkvæmdir við Herrulæk muni hindra eðlilega og venjulega göngu silungs um lækinn upp í vatnið til stórtjóns fyrir stefnendur, sem kveðast hafa stundað veiði í Vestra-Gíslholtsvatni um langan tíma sér til mikilla hagsbóta. Loks muni vatnsborð Vestra-Gíslholtsvatns hækka svo, að til eyðileggingar horfi fiskstofninum, hrygningarstöðvar fisksins hverfi, auk þess muni graslendi við vatnið færast í kaf á stórum svæðum og landbrot hefjast. Það tjón, sem stefnendum yrði unnið með fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum stefnda, telja þeir sig engan veginn vilja eða verða að þola og leyfi það, sem ráðherra hefur veitt stefnda til framkvæmdanna, sé með öllu löglaust, eins og á stendur.

Stefndi telur rangt, að stefnandi Guðmundur Guðmundsson eigi meiri hluta vatnsorkunnar, mestur hluti Herrulækjar falli um land stefnda. En þó svo væri, að stefndandinn ætti alla vatnsorku

una, væri það á valdi ráðherra að leyfa öðrum aðilja virkjun, ef vissum skilyrðum er fullnægt. Þá telur stefndi, að fiskiganga um Herrulæk hafi engin verið, en aðeins um legusilung að ræða í Vestra-Gíslholtsvotni. Til stíflugerðar við vatnið eða í læknum þurfi alls ekki að koma, það fari eftir atvikum, þegar reynsla væri fengin fyrir vatnsrennsli og vatnsmagni. Þó að til slíkrar framkvæmdar kæmi, yrði eigi nema um óverulega hækkun vatnsborðs að ræða og ætti stefndi eigi minna í hættu, að því er veiði varðar, en stefnendur, þar eð stefndi ætti þar einnig veiðiréttindi. Eigi kveðst stefndi hafa ætlað að hefja fyrr framkvæmdir að marki við Herrulæk en fyrir lægi ráðherraleyfi til virkjunarinnar. Kvaðst sig hafa átt þess von, að það fengist viðstöðulítið. En þegar til hafi komið, hafi ráðherra eigi þótt rétt að ganga frá leyfinu fyrr en skorið hefði verið úr um merkjaágreininginn og þess vegna beðið dómsúrslita um það atriði. Nú hafi stefndi fengið leyfi ráðherra til virkjunar Herrulækjar. Þess vegna komi andmæli stefnenda eigi til álita fyrir dómi. Málsástæður þeirra heyri allar undir úrskurð framkvæmdarvaldsins og fari eftir mati samkvæmt vatnalögum. Hafi ráðherra farið með leyfisveitinguna að öllu leyti að lögum.

Eins og áður segir, liggur fyrir ráðherraleyfi stefnda til handa til þess að virkja Herrulæk til raforkunota og að öðru leyti til framkvæmda annarra nauðsynlegra mannvirkja í því efni. Það sýnist því í rauninni vera um það að tefla, hvort ráðherra hafi að lögum farið, er hann veitti stefnda leyfi þetta, og mun það atriði nánar athugað. Það er alkunna, að umráðaréttur landeigenda yfir vatni sínu er margvíslegum takmörkunum háður vegna almenningshagsmuna og einstaklings. Í þessu efni þykir löggjafanum það mikilsverðast, að vatnsnot komi að sem beztu gagni, almennu og einstaklegu, og leggur því oftlega ýmsar kvaðir á vatnseigendur, sem þannig verða að hlýta afnotum annarra af vatni því, sem um þeirra land rennur eða á þeirra landi liggur og annars háð eignarheimild þeirra. En þvílíkar takmarkanir á vatnsréttindum eru jafnan því aðeins gerðar, að því er varðar notkun vatnsorku, að ákvörðun framkvæmdarvaldsins hafi á undan gengið. Í vatnalögum nr. 15/1923 er framkvæmdarvaldinu fengin þessi heimild til takmörkunar á vatnsréttindum einstaklinga, og jafnvel getur ráðherra leyft einstaklingi að taka til virkjunar fallvatn, sem annar hefur öll umráð yfir. Þessa valds er því að vegna og meta þau atriði, sem vatnalögin kveða á um, að til staðar skuli vera, svo að til takmörkunar á vatnsréttindum geti komið. Öll

þau atriði, sem stefnendur byggja málssókn sína á fyrst og fremst, væntanleg notkun vatnsorku, sem að nokkru leyti er undirorpin eignarréttindum annars stefnanda, nauðsynleg stíflun lækjarins að einhverju eða öllu leyti og loks vatnsmiðlunarframkvæmdir, ef til þeirra kynni að koma, virðast heyra beint undir framkvæmdarvaldið og vera háð úrskurðarvaldi þess. Að sjálfsögðu gera vatnalögin ráð fyrir því, að öðrum, t. d. vatnsréttarhöfum, sé búið tjón af ýmsum þeim aðgerðum, sem framkvæmdarvaldið þannig kann að veita leyfi til, og að til margs konar ágreinings kunni að koma. Slíkum ágreiningi ákveða vatnalögin, að úr skuli skorið með matsgerð og nánari reglur þar settar um form hennar og efni.

Það ráðherraleyfi, sem hér hefur verið rætt, sýnist engan veginn fara utan þeirra lagaákvæða, sem málsefnið heyrir undir, enda munu þvílíkar leyfisveitingar af hálfu framkvæmdarvaldsins eigi ótíðar.

Þegar af því, sem hér hefur verið rakið, og með hliðsjón af því, að stefnandi Guðmundur Guðmundsson hefur ekki á neinu stigi máls óskað þess né látið vilja sinn í ljós um það að virkja sjálfur Herrulæk eða taka þátt í virkjun hans, þykir verða að sýkna stefnda af kröfum stefnenda og fella lögbannsgerðina úr gildi. Málskostnaður falli eftir atvikum niður, en málssóknarlaun til skipaðs talsmanns stefnenda, Ólafs Þorgrímssonar hrl., og málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns stefnda, Kristins Gunnarssonar hrl., kr. 2500.00 til hvors, skulu greiðast úr ríkissjóði.

#### Dómsorð:

Stefndi, Jón Jónsson, skal sýkn af kröfum stefnenda, Kristins Kristinssonar og Guðmundar Guðmundssonar.

Lögbann það, sem fram fór í fógetarétti Rangárvallasýslu 16. maí 1953, skal úr gildi fellt.

Málskostnaður falli niður, en málssóknarlaun til skipaðs talsmanns stefnenda, Ólafs Þorgrímssonar hrl., og málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns stefnda, Kristins Gunnarssonar hrl., kr. 2.500.00 til hvors, skulu greiðast úr ríkissjóði.

---